

Starfslýsing eftirlitsmanns með lausagöngu búfjár í Húnaþingi vestra

1. Eftirlitsmaður skal annast eftirlit með lausagöngu búfjár á þeim svæðum í Húnaþingi vestra þar sem lau saganga búfjár hefur verið bönnuð. Um er að ræða vegsvæði Hringvegar / þjóðvegar 1, Hvammstangavegar nr. 72 og hluta Miðfjarðarvegar nr. 704 þ.e. norðan þéttbýlis á Laugarbakka.
2. Eftirlitsmaður skal svo fljótt sem kostur er bregðast við tilkynningum um lausagöngu búfjár á ofangreindum vegsvæðum. Eftirlitsmaður skal í hverju tilviki meta efni þeirra tilkynninga er honum berast um lausagöngu búfjár og hann tilkynna íklegum eigendum um lausagönguna. Jafnframt skal athuga hvort eigendur óski þessað fjarlægjabúpeninginn af vegsvæðinu eða hvort nauðsynlegt sé að eftirlitsmaðurinn fari á umrætt svæði og geri viðeigandi ráðstafanir til að fjarlægja búpening sem um ræðir.
3. Verði búpernings ítrekað vart á tilteknun vegsvæðum skal eftirlitsmaður aðgæta ástæðu þess, til dæmis athuga hvort girðingar haldi ekki eða hlið standi opin. Skal eftirlitsmaður tilkynna Vegagerðinni um ágalla á girðingum en búfjáreigendum sé um aðrar ástæður að ræða, til dæmis opin hlið. Eftirlitsmaður skal óska þess að nauðsynlegar úrbætur fari fram sé um slíkt að ræða.
4. Auk eftirlits með lausagöngu búfjár skal eftirlitsmaður hafa umsjón með því að óskilahross er koma fram og tilkynnt er um utan stóðréttu komist í hendur réttra eigenda á sem skemmstum tíma. Komist óskilahross ekki í hendur réttra eigenda skal eftirlitsmaður tilkynninga málið til Sýslumannsins á Blönduósi er annast uppboðsmeðferð skv. gildandi lögum.
5. Eftirlitsmaður skal halda dagbók þar sem skrá skal allar tilkynningar um lausagöngu búfjár er honum berast og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að fjarlægja búpening af þeim vegstæðum þar sem laugaganga hefur verið bönnuð. Eftirlitsmaður skal gera rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings vestra reglulega grein fyrir störfum sínum og afhenda honum skýrslu ásamt afriti úr dagbók sinni.
6. Eftirlitsmaður getur vegna starfa sinna leitað aðstoðar starfsmanna framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings vestra. Skal hann hafa samráð þar um við rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
7. Eftirlitsmaður sveitarfélagsins og sveitarstjórn Húnaþings vestra bera ekki ábyrgð á lausagöngu búfjár á umræddum vegsvæðum, hvorki gagnvart lögum eða mögulegri bótaskyldu vegna slysa er kunna að hljótast af lausagöngu búfjár.

Samþykkt á 193. fundi landbúnaðarráðs þann 3. ágúst 2022.

Sigríður Ólafsdóttir

Ingveldur Linda Gestsdóttir
Haukur Þorsteinsson

Dagbjört Ólja Einförsdóttir
Guðrún Þóra Skuladóttir